



Til: holmfridur@skipulag.is  
Afrit: skipulag@skipulag.is  
Efni: 9,8 MW Einbúavirkjun í Skjálfandafhljóti, Þingeyjarsveit - tillaga að matsáætlun  
Upplýsingar: Sent: 24.09.2018 17:39:55 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018090004, Bréfalyklar: 42-2 Ums  
um matsskýrslur/matsáætlanir

---

Tilvísun í mál: 2018090004

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 5. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna 9,8 MW Einbúavirkjunar í Skjálfandafhljóti, Þingeyjarsveit.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að matsáætlun og telur að í henni sé gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem þurfa að koma fram í frummatsskýrslu. Miðað við stærð og umfang virkjunarinnar má gera ráð fyrir að áhrif hennar verði mest tímabundið og til frambúðar á farveg Skjálfandafhljóts og á laxfiska en tímabundið nokkur á gróðurfar og fuglalíf en rétt er að benda á að ekki er víst hvort um verður að ræða opinn skurð, að og frá stöðvarhúsi, eða pípu sem grafið verður yfir og gróðurfar endurheimt. Þetta þarf að liggja fyrir í frummatsskýrslu. Hönnun liggur ekki fyrir, t.d. á flóðvirki, og ekki kemur fram hve skerðing á rennsli verður mikil í fljótinu og er því erfitt að segja til um hvort t.d. rannsóknir á eiginleikum Skjálfandafhljóts og laxfiskum í fljótinu muni gefa rétta mynd af hugsanlegum áhrifum. Þetta þarf að liggja fyrir í frummatsskýrslu t.d. vegna hugsanlegra mótvægisáðgerða.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

